

**Forsetakosningarnar:  
Alma full-  
trúi kvenna?**

Almennt er nú reiknað með því, að eitt kvenframboð verði í komandi kosningum enda hafa þegar verið mynduð samtök kvenna til að vinna að sliku framboði. Hver frambjóðandinn verður ei hins vegar óljóst ennþá.

Þó hefur nafn Ölmur Þórarinsson læknis verið nefnt í því sambandi. Áður hafði komið fram að Hjalti maður hennar hafði fengið áskoranir um að fara í framboð en hann mun ekki hafa hug á því. DB tókst ekki að ná sambandi við Ölmu í morgun.

Ýmsir hafa einnig látið þá skoðun í ljós að Vigdis Finnbogadóttir leikhússtjóri væri heppilegt forsetaefni. Í samtali við DB í morgun tók Vigdis þessu viðsfjarri og baðst undan því að nafn hennar yrði nefnt í þessu sambandi. -GAJ.